

Af sjónarhóli ráðunauts

Eiríkur Loftsson¹ og Kristján Bjarndal Jónsson²

¹Búnaðarsambandi Skagfirðinga

²Búnaðarsambandi Suðurlands

YFIRLIT

Í greininni er fjallað um fóðuröflun á kúabúum, gras-, grænfóður- og kornrækt. Nefnd eru nokkur atriði sem skipta máli varðandi val tegunda til ræktunar á einstökum búum. Bent er á að aðstæður eru staðbundnar og ekki hentar sama lausnin öllum.

INNGANGUR

Heimaöflun fódurs er undirstaða mjólkurframleiðslu á Íslandi. Til að framleiða hágæða gróf-fóður þarf að rækta grös sem er uppskerumikil, auðmelt, lystug og með heppilegt efnainnihald. Bent hefur verið á að með skipulegum sáðskiptum og ræktunaráætlunum má ná meiru og betra gróffóðri (Áslaug Helgadóttir og Jónatan Hermannsson 2001). Við harðnandi rekstrarskilyrði kúabúa þarf framleiðsla gróffóðurs einnig að vera eins hagkvæm og hægt er. Innlend fóðurframleiðsla stendur í samkeppni við innflutt kornfóður sem notað er í kjarnfóðurblandur, en verð á því er mjög lágt um þessar mundir.

UMRÆÐUR

Fóðuröflun á kúabúum hefur tekið miklum breytingum síðari ár. Verkun í rúllum er orðin ráðandi aðferð við heyskap og einnig að tún séu tvíslegin. Niðurstöður heysýna gefa þá mynd að meltanleiki gróffóðurs hafi aukist talsvert síðustu ár. Bætt fóðrun mjólkurkúa hefur ásamt fleiru skilað stöðugt aukinni meðalnyt ári frá ári. Kúabændur gera sér grein fyrir því að gott gróffóður er undirstaða góðrar afkomu. Hlutverk rannsóknafólks og ráðunauta er að sjá til þess að þeir hafi í höndunum aðferðir og efnivið sem henta hverjum og einum til framleiðslu hágæða fódurs. Ræktun einstakra nytjaplantna ber misjafnan árangur frá einum stað til annars, vegna ólíkra ræktunarskilyrða. Hagstæðasta lausnin er því ekki sú sama allstaðar en hennar leitar að sjálfsgöðu hver bóndi.

Tegundir sem ræktaðar eru til fóðuröflunar þurfa að gefa mikla uppskeru, hafa heppilega samsetningu næringarefna og vera lystugar. Einnig skiptir máli hvaða kröfur þær gera til jarðvegs og næringarefna og hvaða kostnaður fylgir því að uppfylla þær kröfur. Þá er æskilegt að efnainnihald falli hægt með auknum þroska.

Ræktun og nýtingu á grasi til beitar þarf að gefa meiri gaum og skipulagi á sumarreit mjólkurkúa. Of lítil áhersla hefur verið lögð á þann þátt og má nefna fyrir því tvær ástæður. Framleiðslutakmarkanir hafa dregið úr framleiðslu mjólkur yfir sumarið því margir bændur fylla kvótann tímanlega áður en kvótaárinu lýkur í ágústlok. Greiðsla álags á mjólk sem framleidd er fjóra vetrarmánuði hefur leitt til þess að margir bændur gera kýrnar haustbærar. Ingvar Björnsson (2000) telur að jafn burðartími skili að jafnaði hærra fóðurframlagi en haustburður. Það bendi til þess að framleiðslukostnaður á vetrarmjólk sé svo miklu hærri en framleiðslukostnaður á sumarmjólk að viðbótargreiðslan dugi ekki til að greiða þann mun. Þetta er athyglisvert í ljósi þess hve haustbærum kúm hefur fjölgað. Skipuleggja þarf beitar-ræktunina með það í huga að kúnum standi til boða lystug og orkuríkt fóður allan beitar-

tímann. Háliðagras hefur verið ræktað til beitar snemma sumars, oft með góðum árangri. Komi ræktun á fjölæru rýgresi til með að reynast vel verður það kærkomið til beitar, m.a. snemma sumars. Of lítil reynsla er þó enn komin á endingu þess hér á landi.

Kanna þarf hvort fyrir hendi eru hentugar aðferðir við endurnýjun og viðhald sáðgresis í túnnum aðrar en þær sem beitt hefur verið hérlendis. Má þar nefna ísáningu í svörð til að viðhalda hlutdeild sáðgresis. Árangur ísáningar í misgömul tún hjá bændum hérlendis hefur verið lítill eða enginn, nema helst í ungum túnnum (Bjarni Guðleifsson 1999). Erlendis er tækni komin fram þar sem hægt er að setja áburðinn niður fyrir fræið við ísáningu og lofar það góðu. Með tíðari endurræktun túna og skipulögðum sáðskiptum má vænta lægri kostnaðar við jarðvinnslu hverju sinni, vegna þess að jarðvegurinn verður auðveldari í vinnslu. Hver eining verður líka ódýrari við aukna ræktun.

Hin síðari ár hefur verið bent á nýjar og áhugaverðar tegundir grasa og belgjurta til tún-ræktar á Íslandi. Má þar nefna fjölært rýgresi og rauðsmára. Uppskera af rýgresinu er mjög mikil (Hólmgæir Björnsson 2000), en stofnarnir virðast þó tæpast nógu þolnir ennþá. Þar sem vel hefur til tekist við ræktun rauðsmára hefur hann bæði aukið og bætt uppskeru og sparað áburð verulega. Enn er kannski of lítil reynsla komin á ræktun þessara tegunda og ekki er hægt að búast við því að þær verði ræktaðar hvar sem er á landinu.

Aukin endurrækt, meiri og betri kýfing túna og fleiri þættir hafa haft jákvæð áhrif á ræktunarskilyrði hin síðari ár. Þar með hafa viðhorf til notkunar grastegunda breyst og ending sáðgresis er ekki lengur aðalatriði. Skoða þarf hvaða yrki henta best hverju ræktunarkerfi og ekki síst staðháttum. Kominn er tími til að nota uppskerumeiri yrki og tegundir á þeim svæðum þar sem kalhætta er lítil og sáðskipti verða viðurkennt búskaparlag. Einnig væri hægt að nota þau í hluta túna, en harðgerð yrki í önnur. Sem dæmi hefur norska vallarfoxgrasyrkið Grindstad vakið athygli fyrir mikla uppskeru fyrstu ræktunarárin og einkum í seinni slætti. Það hefur verið í ræktun á Þorvaldseyri í nokkur ár (Ólafur Eggertsson 2001) og í tilraunum á Korpu, Hvanneyri og Þorvaldseyri (Jarðræktarrannsóknir Rala 1997–1999). Grindstad hefur lakara vetrarþol en Adda og Korpa og gera má ráð fyrir að það endist skemur. Það gæti einmitt átt vel við þar sem kalhætta er lítil og löng ending er ekki aðalatriði.

Víða erlendis eru kýr fóðraðar á heilfóðri. Við erum enn byrjendur á þessu sviði, en tilraunir eru hafnar með þess konar fóðrun. Líklegt er að þessi aðferð muni tekin upp fljótlega á íslenskum búum, en í gott heilfóður þarf gott og fjölbreytt hráefni. Grænfóður, rótarávextir og korn henta án efa vel til þeirra hluta. Tilraunir munu skera úr um hagkvæmni heilfóðurs við íslenskar aðstæður.

Grænfóðurræktun hefur verið að færast í vöxt síðustu ár, bæði til beitar og sláttar. Það er mikilvægt að notaðar séu bestu grænfóðurtegundir og yrki sem völ er á. Finna þarf leiðir til þess að lengja beitar tíma mjólkurkúa á grænfóður. Við hagstæðar aðstæður og í góðum árum hafa bændur náð að beita mjólkurkúm á grænfóður með skipulegri ræktun, frá því í byrjun júní og út nóvember. Hefur þá vetrarrúgur verið ræktaður sem fyrsta beit. Ræktun hans hefur gengið mun betur norðanlands en á Suðurlandi. Góður árangur við ræktun fóðurnæpu og notkun hennar til beitar vekur spurningar um það hvort ekki er hægt að nota rótaravexti sem hluta af vetrarfóðri (innifóðri) mjólkurkúa. Fóðurnæpur ásamt úrgangskartöflum gætu einmitt verið góður þáttur í heilfóðri.

Kornræktin hefur nú fest rætur víða um land og er orðin fastur hluti af fóðuröflun á nokkrum tugum kúabúa. Er hún mjög ákjósanlegur kostur í sáðskiptum. Ef að líkum lætur á hún eftir að aukast á þeim svæðum þar sem hún er hagkvæm. Víða utan þeirra eru möguleikar á að slá slakþroska korn til notkunar með öðru fóðri, m.a. í heilfóður. Slakþroska korn til sláttar á að geta verið fremur ódýrt í ræktun og eykur fjölbreytni fóðursins. Bygg er ennþá

eina korntegundin, en leita þarf áfram eftir aukinni fjölbreytni. Kornræktin vekur þá spurningu, hvort ekki megi koma á nokkurri sérhæfingu bóa í framleiðslu bæði korns og gróffóðurs. Ef til vill gæti orðið hagkvæmt að rækta kartöflur, eingöngu ætlaðar til fódurs, verði heilfóður almennt notað.

LOKAORÐ

Vel heppnuð og hagkvæm fóduröflun er lykilatriði í rekstri kúabúa á Íslandi. Með ræktunar-áætlunum og sáðskiptum má auka gæði heimaafλαðs fódurs verulega. Aðstæður til ræktunar eru ólíkar, þannig að þær áætlanir sem notaðar verða þurfa að taka mið af því. Eftir því sem meira er unnið af landi eru líkur á að jarðvinnsla verði hagkvæmari á hverja einingu. Til að halda stöðugum framförum þarf að leita nýrra tegunda og yrkja sem kunna að henta til ræktunar héraendis, einkum þeirra sem skila aukinni uppskeru og/eða fódri með betri meltanleika.

HEIMILDIR

Áslaug Helgadóttir & Jónatan Hermannsson, 2001. Ræktun fódurs í framtíðinni. Ráðunautafundur 2001 (í þessu riti).

Bjarni Guðleifsson, 1999. Ísáning – sáð í gróinn túnsvörð. Ráðunautafundur 1999, 90–99.

Hólmgeir Björnsson, 2000. Fjölært rýgresi. Ráðunautafundur 2000, 298–314.

Ingvar Björnsson, 2000. Gróffóðuröflun á kúabúum. Freyr 96(11–12): 37–41.

Jarðræktarrannsóknir Rala, árin 1997–1999. Gefin út í fjölrítaröð Rala.

Ólafur Eggertsson, 2001. Munnlegar upplýsingar.